

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands
Fundur 26.apr 2011
4. fundur

Staðsetning: Höfuðstöðvar KSÍ, 12:00 – 13:30

Mættir: Arnar Bill, Kristján, Ómar, Sigurður, Theodór, Þórir og Úlfar
Boðuð forföll:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með leiðréttingu á dagsetningu.

2. Lávarðadeildin – næstu skref

Umræður um Lávarðadeild. Ákveðið að láta þá hafa frumkvæði að framhaldinu.

3. Fylgihlutur með árgjaldi – staðan á fjármálum

Búið að panta 350 möppur. Fjárhagur félagsins traustur.

4. Portúgalþjálfaraferð

Leikstaður á Portúgal – Íslandi verður ákveðinn í júní. Arnar Bill leiðir ferðanefndina. Kristján hefur samband við Lúlla hjá Vitaferðum.

5. Hvað getum við gert fyrir félagsmenn KBÍ á næstunni

Umræður um viðburði fyrir félagsmenn á afmælisárinu.

6. Skóauglýsing

Þórir Bergsson fer í málið og athugar allar hliðar málsins. Ákvörðun tekin síðar.

7. Siðareglur

Umræður um siðareglur og hvort félagið eigi að setja sér reglur eða viðmið. Ákveðið að Úlfar íslenski reglur ameríska þjálfarafélagsins. Þórir Bergs hefur tekið saman grunnatriði saman. Málið rætt áfram á næsta fundi.

8. Eineltisstyrkurinn

Ákveðið að reyna að fá erindi inn á bikarráðstefnur karla og kvenna í ágúst.

9. Fundarröðin með þjálfurum

5.fl.karla og kvenna eru búnir að hittast. Sem og 2.fl.karla. Ákveðið að finna tíma á næstunni fyrir þá flokka sem eftir eru.

10. Önnur mál

- a. Ákveðið að senda KSÍ ósk um að félagsmenn KBÍ fái að fylgjast með æfingum u21 í Danmörku.
- b. AEFCA er að leita að ráðstefnulandi fyrir 2011 þar sem útlit er fyrir að Rússland haldi ekki ráðstefnu þessa árs.
- c. Félagið fékk synjun á styrkumsókn um ferðastyrk til Noregs.

Úlfar Hinriksson
ritari